



Reykjavík, 15. ágúst 2018
SFS2017010020
142. fundur
HG/sh

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Yfirlit yfir erindisbréf starfshópa skóla- og frístundasviðs

Eftirfarandi er yfirlit yfir erindisbréf vegna nýrra starfshópa skóla- og frístundasviðs frá janúar 2018 til ágúst 2018, en skv. reglum Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa frá 2. febrúar 2018 ber fagsviðum að halda skrá yfir starfshópa og erindisbréf og kynna í viðkomandi fagráði.

Heiti starfshóps	Hlutverk starfshóps
<i>Verkefnisstjórn umbóta í starfsumhverfi stjórnenda í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík</i>	Að yfirfara og meta tillögur starfshópa um eflingu faglegrar stöðu stjórnenda leikskóla, stjórnenda grunnskóla og stjórnenda í frístundastarfi og leggja fram heildstæðar tillögur um umbætur í starfsumhverfi stjórnenda í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík.
<i>Starfshópur um eflingu faglegrar stöðu stjórnenda grunnskóla</i>	Hlutverk hópsins er að koma með tillögur um aðgerðir til að styrkja faglega stöðu stjórnenda í grunnskólastarfi og gera stjórnendastörf eftirsóknarverðari.
<i>Starfshópur um eflingu faglegrar stöðu stjórnenda leikskóla</i>	Að koma með tillögur um aðgerðir til að styrkja faglega stöðu stjórnenda í leikskólastarfi og gera stjórnendastörf eftirsóknarverðari.
<i>Starfshópur um eflingu faglegrar stöðu stjórnenda í frístundastarfi</i>	Hlutverk hópsins er að koma með tillögur um aðgerðir til að styrkja faglega stöðu stjórnenda í frístundastarfi og gera stjórnendastörf á vettvangi frístundastarfsins eftirsóknarverðari.

<i>Starfshópur um sameiginlega stefnu skóla- og frístundastarfs án aðgreiningar með áherslu á sérkennslu og stuðning á starfsstöðvum SFS, í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi</i>	Gera tillögu að skemmri greiningu eða mælikvörðum til að meta vanda barna sem grundvöll að leiðbeiningu fyrir kennara, aðra starfsmenn skólanna og foreldra í stað ítarlegum greiningum.
<i>Samstarfshópur Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins, skóla og frístundasviðs og velferðarsviðs vegna samþættrar þjónustu við börn í leik- og grunnskólum.</i>	Setja fram leiðbeiningar og viðmið um hvaða börn fari í ítarlega greiningu og hver ekki. Gera tillögu að skemmri greiningu og mælikvörðum til að meta vanda barna sem grundvöll að leiðbeiningum fyrir kennara, aðra starfsmenn skólanna og foreldra í stað ítarlegum greiningum.
<i>Starfshópur um þjónustu við börn með einhverfu og börn á einhverfurófinu í leik- og grunnskólum Reykjavíkur</i>	Verkefni hópsins er að formgera tillögur að fyrirkomulagi þjónustu í málaflokknum.
<i>Starfshópur um geðfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur</i>	Setja fram tillögu um útfærslu geðfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur.
<i>Starfshópur um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlun á SFS</i>	Styðja við og leiða innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar á sviðinu. Móta starfið í samráði við ráðgjafahóp og stýrihóp um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun.
<i>Starfshópur um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í skóla- og frístundastarfi</i>	Móta verklag um stuðning við starfsstöðvar SFS vegna móttöku og aðlögunar barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

[Málsnúmer]



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

ERINDISBRÉF

Verkefnisstjórn umbóta í starfsumhverfi stjórnenda í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík

Ábyrgðarmaður:

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að yfirfara og meta tillögur starfshópa um eflingu faglegrar stöðu stjórnenda leikskóla, stjórnenda grunnskóla og stjórnenda í frístundastarfi og leggja fram heildstæðar tillögur um umbætur í starfsumhverfi stjórnenda í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík.

Helstu verkefni:

- Skoða samræmi í vinnu starfshópa um eflingu faglegrar stöðu stjórnenda í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi.
- Skoða hvað er sambærilegt í starfsumhverfi þessara þriggja hópa og hvað er ólíkt.
- Leggja mat á styrkleika í starfsumhverfi hvers hóps og skoða hvort nýta megi þá í starfsumhverfi hinna hópanna.
- Yfirfara og meta tillögur starfshópanna þriggja.
- Yfirfara kostnaðarmat og láta gera nýtt eftir þörfum.
- Leggja fram heildstæðar tillögur um umbætur í starfsumhverfi stjórnenda í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík.
- Annað sem hópnum finnst mikilvægt.

Starfshópin/stýrihópin skipa:

Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS

Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu SFS

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundahluta fagskrifstofu SFS.

Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu SFS.

Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri SFS.

Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri SFS.

Verkefnisstjóri starfshópsins:

Guðlaug Gísladóttir verkefnastjóri

Til ráðgjafar og samstarfs:

Aðilar innan og utan borgarkerfisins með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstími:

Starfshópurinn skili sviðsstjóra kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok febrúar 2019.

Reykjavík, 15. ágúst 2018



Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir
staðgengill sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs



ERINDISBRÉF¹

Starfshópur um eflingu faglegrar stöðu stjórnenda grunnskóla

Ábyrgðarmaður:

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að koma með tillögur um aðgerðir til að styrkja faglega stöðu stjórnenda í grunnskólastarfi og gera stjórnendastörf eftirsóknarverðari.

Helstu verkefni:

- Kortleggja starfslýsingar skólastjóra og aðstoðarskólastjóra og þá þætti sem þeim ber að sinna samkvæmt lögum um grunnskóla og Aðalnámskrá.
- Greina starfsumhverfi skólastjórnenda grunnskóla, svo sem verkaskiptingu stjórnenda (skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, deildarstjórar, skrifstofustjórar, umsjónarmenn, yfirmenn mötuneytis,) innan stofnana, stjórnunarumfang, reglubundin verkefni einstakra stjórnenda, svigrúm til umbótastarfs og álagspætti.
- Greina og skilgreina hvað felst í því að vera faglegur leiðtogi og svigrúm stjórnenda til að sinna þeim þætti.
- Greina vinnuaðstæður stjórnenda s.s. skrifstofuaðstöðu, aðgengi að tölvukerfum, tæknibúnað, fundaraðstöðu.
- Greina þarfir stjórnenda fyrir stoðþjónustu vegna faglegs starfs, mannauðsmála, fjármála, lögfræðiþjónustu og húsnæðis frá skrifstofu SFS, þjónustumiðstöðvum og öðrum sviðum borgarinnar og hvernig þessi stoðþjónusta sem veitt er í dag nýtist stjórnendum.
- Leggja fram tillögur um eflingu faglegrar stöðu stjórnenda grunnskóla ásamt kostnaðarmati.
- Annað sem hópnum finnst mikilvægt að meta.

Starfshópin/stýrihópin skipa:

Soffía Vagnsdóttir, formaður, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu SFS.

Hafþór Einarsson, fjármálafulltrúi SFS.

Magnús Þór Jónsson, skólastjóri Seljaskóla og formaður Félags skólastjórnenda í Reykjavík.

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:
http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf

Helena Katrín Hjaltadóttir, aðstoðarskólastjóri Dalskóla.
Margrét Einarsdóttir, skólastjóri Vesturbæjarskóla
Mannauðsráðgjafi SFS

Verkefnisstjóri starfshópsins:

Guðlaug Gísladóttir

Til ráðgjafar og samstarfs:


Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfshópurinn nýti við vinnu sína gögn úr vinnu starfshóps um starfsumhverfi grunnskólakennara, úr djúpgreiningu skóla- og frístundasviðs, fyrirbyggjandi rannsóknir á störfum stjórnenda í skóla- og frístundastarfi og rannsóknir á streitu og kulnum, svo sem Ingibjargar Jónsdóttur, prófessors.

Starfstími:

Starfshópurinn skili verkefnisstjórn tillögum til umbóta á starfsumhverfi stjórnenda í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok desember 2018.

Reykjavík, ágúst 2018

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Helgi Grímsson', written over a horizontal line.

Helgi Grímsson,
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

SFS 2018080029

b. 1

[Málsnúmer]



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

ERINDISBRÉF¹

Starfshópur um eflingu faglegrar stöðu stjórnenda leikskóla

Ábyrgðarmaður:

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að koma með tillögur um aðgerðir til að styrkja faglega stöðu stjórnenda í leikskólastarfi og gera stjórnendastörf eftirsóknarverðari.

Helstu verkefni:

- Kortleggja starfslýsingar leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og þá þætti sem þeim ber að sinna samkvæmt lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011.
- Greina starfsumhverfi stjórnenda, svo sem verkaskiptingu stjórnenda (leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra, sérkennslustjóra) innan stofnana, stjórnunarumfang, reglubundin verkefni einstakra stjórnenda, svigrúm til umbótastarfs, vinnutíma og álagsþætti.
- Greina og skilgreina hvað felst í því að vera faglegur leiðtogi og svigrúm stjórnenda til að sinna þeim þætti.
- Greina vinnuaðstæður stjórnenda s.s. skrifstofu- og vinnuaðstöðu, aðgengi að tölvukerfum, tæknibúnað, fundaraðstöðu.
- Greina þarfir stjórnenda fyrir stoðþjónustu vegna faglegs starfs, mannauðsmála, fjármála, lögfræðiþjónustu og húsnæðis frá skrifstofu SFS, þjónustumiðstöðvum og öðrum sviðum borgarinnar og hvernig þessi stoðþjónusta sem veitt er í dag nýtist stjórnendum.
- Leggja fram tillögur um eflingu faglegrar stöðu stjórnenda leikskóla ásamt kostnaðarmati.
- Annað sem hópnum finnst mikilvægt að meta.

Starfshópin/stýrihópin skipa:

Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu SFS.

Róbert Rafn Birgisson, fjármálasérfræðingur SFS.

Mannauðsráðgjafi SFS.

XX, leikskólastjóri í samráði.

XX, leikskólastjóri FSL.

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:
http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf

XX, aðstoðarleikskólastjóri FSL.

Verkefnisstjóri starfshópsins:

Guðlaug Gísladóttir.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfshópurinn nýti við vinnu sína gögn úr vinnu starfshóps um starfsumhverfi leikskólakennara, úr djúpgreiningu skóla- og frístundasviðs, fyrirbyggjandi rannsóknir á störfum stjórnenda í skóla- og frístundastarfi og rannsóknir á streitu og kulnum, svo sem Ingibjargar Jónsdóttur, prófessors.


Starfstími:

Starfshópurinn skili verkefnisstjórn umbóta í starfsumhverfi stjórnenda í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok desember 2018.

Skil

Tillögur starfs- og stýrihópa skulu vera kostnaðarmetnar og þeim ber að skila til ábyrgðarmanns ásamt skilgreiningu á ábyrgð á framkvæmd tillagna. Auk þess skulu starfs- og stýrihópar skilgreina eftirfylgni og árangursmælikvarða eftir því sem hægt er. Bréf til ábyrgðarmanns skal fylgja lokaskýrslu starfs- og stýrihópa þar sem tilgreint er hverjar eru helstu tillögur, kostnaðarmat og skilgreining á ábyrgð á framkvæmd tillagna.

Reykjavík, 2018



Helgi Grímsson,
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

ERINDISBRÉF¹

Starfshópur um eflingu faglegrar stöðu stjórnenda í frístundastarfi

Ábyrgðarmaður:

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að koma með tillögur um aðgerðir til að styrkja faglega stöðu stjórnenda í frístundastarfi og gera stjórnendastörf á vettvangi frístundastarfsins eftirsóknarverðari.

Helstu verkefni:

- Yfirfara starfslýsingar stjórnenda frístundamiðstöðva.
- Greina starfsumhverfi stjórnenda, svo sem verkaskiptingu stjórnenda (framkvæmdastjórar, deildarstjórar barnstarfs, deildarstjórar unglingastarfs, fjármálastjórar, forstöðumenn félagsmiðstöðva, forstöðumenn frístundaheimila, aðstoðarforstöðumenn félagsmiðstöðva og aðstoðarforstöðumenn frístundaheimila) innan stofnana, stjórnunarumfang, reglubundin verkefni einstakra stjórnenda, svigrúm til umbótastarfs, vinnutíma og álagspætti.
- Greina og skilgreina hvað felst í því að vera faglegur leiðtogi í frístundastarfi og svigrúm stjórnenda til að sinna þeim þætti.
- Skoða verkaskiptingu á milli skrifstofu SFS og frístundamiðstöðva.
- Skoða verkaskiptingu á milli þjónustumiðstöðva og frístundamiðstöðva.
- Greina vinnuaðstæður stjórnenda m.a. í frístundamiðstöðvum, félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum. Skoða sérstaklega aðstöðu stjórnenda s.s. skrifstofuaðstöðu, aðgengi að tölvukerfum, tæknibúnað og fundaraðstöðu.
- Greina þarfir stjórnenda fyrir stoðþjónustu vegna faglegs starfs, mannauðsmála, fjármála, lögfræðiþjónustu og húsnæðis frá skrifstofu SFS, þjónustumiðstöðvum og öðrum sviðum borgarinnar og hvernig þessi stoðþjónusta sem veitt er í dag nýtist stjórnendum.
- Leggja fram tillögur um eflingu faglegrar stöðu stjórnenda í frístundastarfi ásamt kostnaðarmati.
- Annað sem hópnum finnst mikilvægt að meta.

Starfshópin/stýrihópin skipa:

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundahluta fagskrifstofu SFS.

Helgi Grétar Helgason, fjármálasérfræðingur SFS.

Sigfríð Sigurðardóttir, mannauðsráðgjafi SFS.
Fulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva.
Fulltrúi deildarstjóra barnastarfs
Fulltrúi deildarstjóra unglingastarfs
Fulltrúi fjármálastjóra
Fulltrúi forstöðumanna frístundaheimila
Fulltrúi forstöðumenna félagsmiðstöðva

Verkefnisstjóri starfshópsins:

Guðlaug Gísladóttir

Til ráðgjafar og samstarfs:


Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfshópurinn nýti við vinnu sína gögn úr vinnu starfshóps um starfsumhverfi fagfólks í frístundastarfi, úr djúpgreiningu skóla- og frístundasviðs, fyrirbyggjandi rannsóknir á störfum stjórnenda í skóla- og frístundastarfi og rannsóknir á streitu og kulnum, svo sem Ingibjargar Jónsdóttur, prófessors.

Starfstími:

Starfshópurinn skili verkefnisstjórn umbóta í starfsumhverfi stjórnenda í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok desember 2018.

Reykjavík, . júlí 2018



Helgi Grímsson,
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa: http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-_og_styrihopa.pdf

Erindisbréf

starfshóps um sameiginlega stefnu skóla- og frístundastarfs án aðgreiningar með áherslu á sérkennslu og stuðning á starfsstöðvum SFS, í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi.

Ábyrgðarmaður:

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Starfsmaður starfshópsins:

XXXXXXXXXXXXXXXX

Vinnur með stjórn verkefnisins að skipulagi og framkvæmd þess, skipuleggur fundi og vinnu starfshóps og undirhópa. Heldur utan um fundargerðir, söfnun og úrvinnslu gagna starfshóps og undirhópa

Hlutverk:

Að móta sameiginlega grunnstefnu um skóla- og frístundastarf án aðgreiningar með áherslu á sérkennslu og stuðning á starfsstöðvum SFS, í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi. Stefnan verði unnin m.a. með hliðsjón af niðurstöðum djúpgreiningarhóps SFS um sérkennslu og stuðning, skýrslu Evrópumíðstöðvar um menntun án aðgreiningar, menntastefnu Reykjavíkurborgar 2018-2020 og gildandi lögum.

Markmið:

Markmið verkefnisins er að móta stefnu varðandi stuðning og sérkennslu á starfsstöðvum SFS sem verði sameiginlegt leiðarljós í vinnu alls starfsfólks að gæðamenntun og frístundastarfi fyrir öll börn. Stefnu sem byggir á viðurkenningu og virkni allra barna og tryggir að notaðar séu markvissar og árangursríkar aðferðir við íhlutun og mat á árangri. Lögð sé áhersla á að öll börn njóti virðingar og nái sínum besta árangri.

Helstu verkefni:

- Fara yfir áherslur varðandi sérkennslu og stuðning í núgildandi stefnum SFS í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi m.a. með hliðsjón af niðurstöðum skýrslu Evrópumíðstöðvar um menntun án aðgreiningar.
- Greina áherslur og þörf fyrir stuðning í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík.
- Móta sameiginlega stefnu um skóla- og frístundastarf án aðgreiningar með áherslu á sérkennslu og stuðning fyrir starfsstöðvar SFS í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi m.a. með tilliti til þeirra þátta sem eru tilgreindir í skýrslu Evrópumíðstöðvarinnar.
- Greina þörf fyrir símenntun og starfsþróun fyrir starfsfólk sem sinnir sérkennslu og stuðningi í skóla- og frístundastarfi.

Verklag:

Stjórn verkefnisins er í höndum verkefnastjóra stuðnings í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi

- Hanna Halldóra Leifsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu leikskólamála
- Hrunn Logadóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu grunnskólamála
- Sigríður Rut Hilmarsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu frístundamála

Verkefni stjórnar eru að:

- halda utan um heildarverkefnið og greina það niður
- semja og halda utan um stefnu og lokaskýrslu starfshópsins

Með stjórnendum verkefnisins starfar sérstakur fastur *starfshópur* en í honum eiga sæti:

- Skólastjóri leikskóla ásamt fagmanni úr leikskólastarfi
- Skólastjóri grunnskóla, ásamt fagmanni úr grunnskólastarfi
- Framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvar ásamt fagmanni úr frístundastarfi
- Fulltrúi skólapijónustu.

Verkefni starfshópsins eru að:

- vera faglegt bakland stjórnar
- ákveða áherslur verkefna og vinnu bakhópa
- taka þátt í afmörkuðum verkefnum og vinnu bak og/eða undirhópa
- rýna gögn frá bakhópi og undirhópum
- taka þátt í samstarfi við stofnanir og álitsgjafa sbr. Greiningar- og ráðgjafarstöð, Háskólasamfélagið o.fl.

Ráðgjöf og samstarf:

Starfshópurinn getur kallað til sérstakan *bakhóp* sér til aðstoðar og stuðnings við undirbúning stefnumótunarinnar. Í bakhóp eru tilkallaðir, eftir því sem við á, fulltrúar frá:

- leikskólum; leikskólakennarar og/eða annað fagfólk
- grunnskólum; kennarar og/eða annað fagfólk
- frístundamiðstöðvum; tómstunda- og félagsmálafræðingar og/eða annað fagfólk
- félaga- og hagsmunasamtökum s.s. Þroskahjálp, Einhverfusamtökunum, ADHD samtökunum
- samtökum foreldra
- Reykjavíkurráði ungmenna
- nemendum/börnum frá skólum og frístundamiðstöðvum
- öðrum aðilum sem starfshópurinn telur að hafi mikilvægt innlegg að bjóða


Verkefni bakhóps eru að:

- rýna einstaka þætti skóla- og frístundastarfs með tilliti til stuðnings í starfi án aðgreiningar
- taka þátt í undirhópum um afmörkuð verkefni, greina og koma með tillögur

Starfstímabil og skil:

Starfstímabil verkefnisins er 1. ágúst 2018 til 1. ágúst 2019. Stjórn verkefnisins skili lokaskýrslu hópsins ásamt tillögum og innleiðingaráætlun til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs í lok starfstímans.

Reykjavík 1. ágúst 2018



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



Greiningar- og
ráðgjafarstöð ríkisins



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Erindisbréf

Samstarfshópur Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins, skóla og frístundasviðs og velferðarsviðs vegna samþættrar þjónustu við börn í leik- og grunnskólum.

Á árinu 2017 voru haldnir tveir samráðsfundi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar, skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um aukið samstarf þessara aðila. Tveir starfshópar skiluðu niðurstöðum og tillögum um þá þætti sem skoða þyrfti betur. Á grundvelli þeirrar vinnu er skipaður samstarfshópur með því markmiði að vinna frekar úr þeim athugasemdum og tillögum sem fram komu.

Starfshópur:

Helgi Hjartarson deildarstjóri, sem leiðir hópinn. Edda Ásrún Guðmundsdóttir, sérkennsluráðgjafi ÞHL.

Hanna Halldóra Leifsdóttir, sérkennslufulltrúi SFS, Hrund Logadóttir, verkefnastjóri og Sigríður Rut Hilmarisdóttir, verkefnastjóri, SFS

Elín Þóra Böðvarsdóttir, deildarstjóri frístundamiðstöðin Kringlumýri.

Katrín Þórdís Jacobsen, deildarstjóri og Sigrún Sigurðardóttir, velferðarsviði.

Helgi H. Viborg sérfræðingur VEL/SFS.

Solveig Sigurðardóttir, barnalæknir og staðgengill forstöðumanns GRR og Aðalheiður Una Narfadóttir, leikskólasérkennari og skorastjóri á fagsviði yngri barna.

Árni Einarsson, skólastjóri Klettaskóla, Arndís Steinþórsdóttir, skólastjóri Háteigsskóla.

Kristín Einarisdóttir, leikskólastjóri Miðborgar.


Hlutverk starfshópsins:

1. Setja fram leiðbeiningar og viðmið um hvaða börn fari í ítarlega greiningu og hver ekki.
2. Gera tillögu að skemmri greiningu eða mælikvörðum til að meta vanda barna sem grundvöll að leiðbeiningu fyrir kennara, aðra starfsmenn skólanna og foreldra í stað ítarlegum greiningum.
3. Kanna með hvaða hætti megi tryggja notkun einstaklingsbundinna þjónustuáætlana á milli stofnana í samstarfi við foreldra þegar við á, að þær séu rétt unnar og rétt notaðar.
4. Gera tillögur að leiðum sem efla samvinnu og tryggja eftirfylgni að lokinni greiningu. Sérstaklega skal skoða með hvaða hætti megi nýta einstalingsbundnar þjónustuáætlanir í þeim tilgangi
5. Setja fram leiðbeiningar og viðmið í hvaða tilfellum beita þurfi teymisvinnu. Hvaða úrbóta er þörf? Gera tillögur um hvort og þá með hvaða hætti þurfi að breyta skýrslum frá GRR og sálfræðingum í skólaþjónust og gera þær "læsilegri" og hagnýtari fyrir foreldra og starfsmenn skóla og frístundar?


6. Gera tillögur um með hvaða hætti tryggt verði að þjónusta í málum barna sé sambærileg á milli hverfa og hvernig mat verði lagt á slíkt?
7. Með hliðsjón af lögum og reglugerðum að „framkvæma „How-Now-Wow“ greiningu á skipulagi og uppbyggingu þjónustu við börn með þroskaraskanir. Í því sambandi verði skoðað samþættingu skóla, dagvistunar, tómstunda, þjálfunar og annarrar þjónustu sem börn þurfa og foreldrar þurfa að sinna.
8. Gera „customers journey“ greiningu á þjónustu við foreldra og börn eins og hún er framkvæmd í dag.
9. Leggja fram tillögur að úrbótum í framkvæmd þjónustu við börn af erlendum uppruna m.a. hvaða varðar próf og matstæki og framkvæmd greininga.
10. Annað sem hópurinn telur mikilvægt til að bæta þjónustu við börn með sérþarfir.

Tímabil


Hópurinn starfar á tímabilinu 1. maí til 1. desember og hittist í fjögur skipti og skili tillögum um breytingar eða umbætur á fundi með yfirstjórnnum skóla- og fríastundasviðs og velferðasviðs og stjórnaraðilum frá Greiningarstöð ríkisins sem haldinn verður í desember 2018.




Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS,



Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri VEL



Soffía Lárusdóttir, forstöðumaður GRR.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Starfshópur um þjónustu við börn með einhverfu og börn á einhverfurófinu í leik- og grunnskólum Reykjavíkur

Börnum með einhverfu hefur fjölgað mjög mikið á undanförunum árum og þjónustubörf við þau í leik- grunnskólum hefur aukist að sama skapi. Í skýrslu starfshóps um samhæfða þjónustu við nemendur með einhverfu frá 2010 kemur fram að þá hafi 1,3% barna í leikskólum borgarinnar verið með greiningu um einhverfu en væru öll þau börn talin með þar sem grunur var um einhverfu fór hlutfallið í 2.6%. Nú 7 árum síðar eru um 400 nemendur í grunnskólum borgarinnar með greiningar um raskanir á einhverfurófi á mismunandi stigum og er hlutfall þessara nemenda af heildarnemendafjölda grunnskólanna nú um 2.8%. Í leikskólum borgarinnar hefur ekki orðið marktæk fjölgun barna með einhverfu s.l. þrjú ár en þjónustubörf þessara barna er enn mjög mikil eða 25 til 29% af heildarúthlutun vegna barna með sérþarfir.

Í grunnskólum borgarinnar eru nú starfandi 6 sérdeildir fyrir nemendur með einhverfu og stunda þar 46 nemendur nám. Jafnframt eru um 350 nemendur með greiningu um einhverfurófsraskanir á mismunandi stigum í almennum bekkjum og er þeim sinnt sérstaklega. Á frístundaheimilum borgarinnar eru 39% þeirra barna sem eru með úthlutaðan stuðning með einhverfurófsraskanir eða 111 börn, það er um 3% barna sem skráð eru á frístundaheimili. Í sértækum félagsmiðstöðvum er hlutfallið 75% sem eru með raskanir á einhverfurófi samtals 48 börn. Mörg þessara barna eru auk þess með viðbótaraskanir ýmsar. Þessi hraða aukning kallar á markvisst skipulag þjónustu við starfsstaði SFS og börn með einhverfurófsraskanir til lengri tíma litið og aukna samhæfingu í vinnuferlum og starfsaðferðum milli leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Sviðstjóri SFS hefur því ákveðið að skipaða starfshóp með aðkomu GRR og VEL sem gerir tillögu að fyrirkomulagi gagnvart þessum málaflokki.

Verkefni hópsins er að formgera tillögur að fyrirkomulagi þjónustu í málaflokknum m.a.:

- hvernig meta eigi mismunandi þjónustubörf barna með einhverfuröskun.
- hvaða fyrirkomulag á að vera á þverfaglegri sérfræðipækkingu á einhverfuröskun í öllum borgarhlutum
- hvernig skipuleggja á ráðgjöf til leik- og grunnskóla, frístundaþjónustu og annarra sem að börnum með umrædda röskun koma.
- hvernig eigi að haga samhæfingu aðferðafræði og þjálfunaraðferða milli leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva.
- hvernig haga eigi markvissri grunnþjálfun nýliða í starfi og símenntun starfsmanna.

Í starfshópnum verði:

Haraldur Sigurðsson og Sigríður Rut Hilmarsdóttir, frá frístund SFS

Hanna Halldóra Leifsdóttir og Hrunn Logadóttir frá SFS

Þórhalla Guðmundsdóttir ÞVMH og Björg Norðfjörð, sálfræðingur, Miðgarði,

Sigurros Jóhannsdóttir, sálfræðingur og skorarstjóri á fagsviði eldri barna á GRR

Siggerður Á. Sigurðardóttir, sérkennslustjóri, Suðurborg


Margrét Einarsdóttir, skólastjóri Vesturbæjarskóla og Halldóra Jóhannesdóttir Sanko, deildarstjóri Fellaskóla.

Áður en hópurinn skilar niðurstöðu skal leita umsagnar Einhverfusamtakanna, Proskafjálfafélags Íslands, Kennarafélags Reykjavíkur, Skólastjórafélags Reykjavíkur, Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda í leikskólum.

Stjórnandi hópsins: Helgi Viborg, sérfræðingur SFS/VEL

Ábyrgðarmaður hópsins: Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS

Starfshópurinn skili tillögum sínum fyrir 1. desember 2018



Helgi Grímsson, sviðsstjóri

Fylgiskjal 1.

Leiðbeiningar/spurningar fyrir starfshóp:

- Á að stofna einhverfuteymi og þá hvaða fyrirkomulag er þá æskilegt.
- Hvaða fyrirkomulag ráðgjafar til yfirstjórnar SFS er æskilegt.
- Er yfirhöfuð raunhæft að bjóða mjög sérhæfða þjálfun eins og atferlisþjálfun á öllum leikskólum RVK?
- Eiga að vera sérhæfðir leikskólar?
- Eiga atferlisþjálfar að vera hluti af skólaþjónustu sem fara út á leikskólana eftir þörfum. (Oft gerist það að búið er að þjálfar upp starfsmann á leikskóla og svo hættir barnið á leikskólanum, þekkingin og starfsmaðurinn verður eftir. Á sama tíma vantar kannski starfsmann með sömu þekkingu í annan leikskóla).
- Mismunandi þjálfunaraðferðir eru á skólastigum - í leikskóla (atferlisþjálfun) og í sérdeildum grunnskóla (TEACCH). Þarf að breyta þessum áherslum?
- Er þörf á að hafa sérkennsluráðgjafa með sérþekkingu á þjálfun barna með einhverfurófsröskun í skólaþjónustunni.

[Málsnúmer]



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

ERINDISBRÉF¹

Starfshópur um geðfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur

Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson.

Inngangur: Starfshópurinn er skipaður í kjölfar tillögu frá ungmennaráði Grafarvogs.

Hlutverk: Hlutverk hópsins er að setja fram tillögu um útfærslu geðfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur.

Helstu verkefni:

- Að meta hvaða úrræði eru til staðar til að sinna geðfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur
- Að setja fram áætlun um geðfræðslu fyrir tiltekna árganga á mið- og unglingastigi í grunnskólunum skólaárið 2019 - 2020

Starfshópin skipa:

Nanna K. Christiansen, formaður, skóla – og frístundasvið Reykjavíkur – grunnskólahl.

Helgi H. Viborg, sálfræðingur, Þjónustumiðstöð Grafarvogs.

Sigurbjörg Kristjánsdóttir deildarstjóra unglingastarfs í Árseli.

Sólveig Hlín Kristjánsdóttir, sálfræðingur, Heilsugæsla Reykjavíkur.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Helga Sigurðardóttir, gæðastjóri mótuneytishjónustu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar, eftir því sem við á, innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu. Fulltrúa Reykjavíkurráðs verður boðið á fund starfshópsins til að fylgja eftir tillögu ungmennaráðsins. Forsætisnefnd verður upplýst um framvindu málsins og endanlega afgreiðslu tillögunnar.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok maí 2018.

Reykjavík, 1. febrúar 2018

Helgi Grímsson

Hjálagt er: Svar við tillögu um geðfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:
http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf

ERINDISBRÉF

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS) á skóla- og frístundasviði

Ábyrgðarmaður:

Helgi Grímsson

Hlutverk:

Styðja við og leiða innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar á sviðinu. Móta starfið í samráði við ráðgjafahóp og stýrihóp um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun.

Helstu verkefni:

Verkefni hópsins eru m.a. að:

- Styðja fulltrúa sviðsins í ráðgjafahóp KFS við framkvæmd og innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.
- Tryggja að verklagsreglur sem varða KFS séu ávallt hafðar að leiðarljósi í störfum sviðsins.
- Útbúa kafla fyrir fagsviðið í KFS greinargerð sem fylgja skal greinargerð fjárhagsáætlunar.
- Leiða verkefni um greiningar á þjónustubáttum í samræmi við verklagsreglur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (FMS-VLR-087).
- Gera áætlun og tillögur til sviðsstjóra og fagráðs um greiningar á þjónustubáttum í samræmi við tillögur stýrihóps KFS.
- Skipa vinnuhópa, eftir þörfum, til að sjá um greiningar á þjónustubáttum og styðja við starf þeirra í samvinnu við verkefnastýru KFS.
- Tryggja að tillögum um aðgerðir vegna útkomu greininga sé fylgt eftir.
- Tryggja að rökstuðningur liggi fyrir ef talið er óþarft að greina ákveðinn þjónustubátt.
- Hafa umsjón með vinnu á jafnréttismati vegna nýrra verkefna í samræmi við verklagsreglur um fjárfestingaáætlun (FMS-VLR-048).
- Hafa umsjón með gerð jafnréttismats vegna tillagna um auknar fjárheimildar sviðsins (viðauka) í samræmi við verklagsreglur um viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar (FMS-VLR-086).
- Gera áætlun um skráningu kyngreindra gagna á sviðinu í samvinnu við ráðgjafahóp KFS.
- Tryggja söfnun og skil á kyngreindrum tölfraðigögnum í samræmi við gagnastefnu Reykjavíkurborgar.

Starfshópur:

Hallgerður Inga Gestsdóttir, Skrifstofa sviðsstjóra

Hrafnkell Tjörvi Stefánsson, Mannauðsskrifstofa

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra jafnréttismála (formaður)

Valgeir Ólafur Sigfússon, fjármáladeild

Ráðgjöf/samstarf:

Ráðgjafahópur KFS, stýrihópur KFS, verkefnastýra KFS, og aðrir eftir atvikum.

ERINDISBRÉF STARFSHÓPS UM MÓTTÖKU OG AÐLÖGUN BARNA INNFLYTJENDA, FLÓTTAFÓLKS OG UMSÆKJENDA UM ALÞJÓÐLEGA VERND Í SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARF

Heiti vinnuhóps: Starfshópur um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í skóla- og frístundastarf.
Ábyrgðarmaður Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS
Hlutverk: Móta verklag um stuðning við starfsstöðvar SFS vegna móttöku og aðlögunar barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.
Helstu verkefni: Verkefni hópsins eru m.a. að: - Kanna með hvaða hætti nágrannalönd okkar standa að móttöku og aðlögun barna og ungmenna úr hópi innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. - Kanna hvaða próf og matstæki eru nýtt í nágrannalöndum og eða öðrum sveitarfélögum á Íslandi til að skoða stöðu þessara barna við upphaf skólagöngu með tilliti til stöðu í móðurmáli, námslegrar stöðu, heilsufarslegra þátta og velferðar og hvernig þær niðurstöður eru nýttar til að stuðla að sem farsælastri skólabyrjun/skólagöngu - Kanna með hvaða hætti er stutt við skóla- og frístundabyrjun barna úr hópi flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd þar sem skólaganga hefur verið rofin eða takmörkuð og þar sem börn glíma við áfallastreitu, kvíða eða vanlíðan - Fara yfir móttökuáætlanir í skóla- og frístundastarfi, útbúa gátlista sem einfalda nýtingu þeirra við móttöku og aðlögun þessara barna og byggir á nýju verklagi - Skoða með hvaða hætti hægt er að nýta og kynna verklag um móttöku og aðlögun nýrra nemenda í Árbæjarhverfi í öðrum hverfum borgarinnar - Undirbúa breytt verklag varðandi stuðning við starfsstaði SFS vegna móttöku og aðlögunar barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd - Leggja fram áætlun um innleiðingu verklags um stuðning við starfsstaði SFS vegna móttöku og aðlögunar barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd
Fulltrúar í hópi: Fjölmenningatrymi SFS: <i>Fríða B. Jónsdóttir, Dagbjört Ásbjörnsdóttir og Dröfn Rafnsdóttir</i> Fulltrúi skólastjóra Fulltrúi frístundastarfs Fulltrúi þjónustumiðstöðvar Fulltrúi teymis um alþjóðlega vernd á PMVH
Formaður vinnuhóps: Fríða B. Jónsdóttir Starfsmaður vinnuhóps: Dagbjört Ásbjörnsdóttir
Ráðgjöf/samstarf: - Aðrir starfsmenn sviðsins sem þekkja til viðfangsefnisins eða eru hagsmunaaðilar - Aðrar starfseiningar Reykjavíkurborgar þar sem er snertiflötur - Sérfræðingar í málefnum barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd á vegum háskólastofanana, annarra stofanana og sveitarfélaga - Spráksenter í Osló - Móðurmálssetur Lundi
Starfstímabil: 25. janúar 2018 – 1. júní 2018.
Skil: Drög að nýju verklagi og áætlun um innleiðingu þess skilað til framkvæmdarstjórnar Skóla- og frístundasviðs.